Jólablað UMFN

2020

Ungmennafélag Njarðvíkur

Ekkert stoppar UMFN!

Formannsávarp Ólafs Eyjólfssonar

Ávarpið þetta árið verður ekki með hefðbundnu sniði og ástæða þess nokkuð augljós. Faraldur sem geysað hefur á heimsbyggðina snertir okkur öll og þar er okkar ástsæli klúbbur engin undantekning. Orðið „fordæmalaust“ sjaldan eða aldrei verið notað jafn oft á líðandi ári þar sem mótum og æfingum hefur ýmist verið frestað eða sett í bið. Og ólíkt venjubundnu árferði hefur fólki aldrei liðið betur með að vera neikvætt.

Körfuboltinn spilaði nánast fram að úrslitakeppni svo var rjómanum af mótinu slegið á frest og enginn Íslandsmeistari krýndur, sem fer í sögubækurnar. Upphaf yfirstandandi leiktíðar fylgdi svo í kjölfarið þar sem menn voru brattir en urðu að lúta í gras fyrir „þriðju bylgjunni“ og þegar þetta er ritað er óvissa með framhaldið.

Knattspyrnan gekk bærilega fram eftir sumri þó henni hafi seinkað. Mótið stoppað og ætlunin var að klára deildarkeppnina en þrátt fyrir vilja allra þá var mótinu á endanum slúttað og okkar menn urðu að láta sér nægja fjórða sætið þó vissulega hafi enn verið góður möguleiki á því að komast á nýjan leik í Inkasso-deildina.

Lyftingadeildin Massi hélt stórglæsilegt mót í sumar í Ljónagryfjunni þar sem þónokkur met féllu. Þrátt fyrir erfiðar aðstæður fór mótið vel fram en framkvæmdin á mótinu var unnin í samstarfi við KRAFT og þurfti að gæta sérstaklega að sóttvarnarreglum. Hrósa ber þeim sem komu að þessu glæsilega Íslandsmeistaramóti í kraftlyftingum.

Veiran hefur ekki aðeins snert niður á iðkendum og stjórnum persónulega heldur mun uppbygging framtíðaraðstöðu félagsins við Afreksbraut þurfa að þola örlitla töf. Forvinna innan félagsins í samstarfi við Reykjanesbæ heldur þó ótrauð áfram.

Hrósa ber því sem vel er gert og hefur það verið aðdáunarvert að fylgjast með sjálfboðaliðum sem standa að stjórnum og öðrum störfum deilda innan félagsins í miðjum hvirfilbyl COVID19 sem herjað hefur á okkur þetta árið. Krafturinn og eljan í fólkinu er slík að maður fyllist stolti að sjá fólkið sitt í skotgröfum gegn óvelkomnu regni af aðstæðum sem veiran hefur boðið upp á. Ég vil nota þetta tækifæri til að segja takk fyrir mig og takk fyrir klúbbinn!

Iðkendur eru svo annar hópur sem hefur þurft að þola þjáningar í formi þess að geta ekki mætt til æfinga og/eða keppni á mótum. Hugur íþróttamannsins er ævinlega að hugsa um hvar hann geti bætt sig á æfingum og hvernig skuli vinna næsta andstæðing. Líkt og með sjálfboðaliðana hefur þetta orðið til þess að iðkendur hafa fundið sér óhefðbundnari leiðir til æfinga. Utandyra fótbolta- og körfuboltavellir hafa verið þéttskipaðir af ungviðinu í leik og út um allan bæ sér maður afreksfólkið okkar við útihlaup.

Þessi upptalning segir mér að ekkert komi til með að stoppa Ungmennafélagið á vegferð sinni og Njarðvíkingar muni koma sterkari til leiks þegar aðstæður leyfa.

Fyrir fánann og UMFN
Ólafur Eyjólfsson, formaður

HS VEITUR
Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19 - 260 Reykjanesbæ - Sími: 420-6600 - www.toyotareykjanesbaer.is
Réttirinn
IceMar Icelandic Export
netto
algalif

Jólablað 2020

Útgefandi:
Knattspyrnudeild

Ritstjóri:
Lórenz Óli Ólason
Skúli Sig

Umbrot:
Skúli Sig

Myndir:
Jón Björn - Skúli Sig
Einkasöfn deilda

Þakkir til allra sem aðstoðuðu við gerð blaðsins

Óskum öllum gleðilegrar hátíðar og farsældar á nýju ári

VERNE GLOBAL

LEADERS IN HIGH PERFORMANCE COMPUTING

Ár áskoranna:
Saman erum við sterkari

Árið 2020 verður lengi í minnum haft og því miður ekki af einu góðu. Leiktímabilið 2019-2020 fjaraði út í heimsfaraldur COVID-19 áður en sjálf úrslitakeppnin komst á skrið og yfirstandandi tímabil hefur að langmestu leyti verið í lamasessi vegna faraldursins. Íþrótta- og lýðheilsustarf í landinu hefur sjaldan eða aldrei mætt viðlíka áskorun og víða í félögum gera stjórnendur, þjálfarar og öflugir sjálfboðaliðar sér fyllilega grein fyrir að endurheimt iðkenda verður gríðarleg áskorun.

Ungmennafélag Njarðvíkur er samheldinn klúbbur og hér á bæ kemur ekki annað til greina en að koma sterkari saman út úr þessari raun! Fórnfýsi, vilji og samstaða er manni efst í huga þegar litið er til starfsfólks, iðkenda, þjálfara og sjálfboðaliða í félaginu. Þrátt fyrir gríðarlegar áskoranir hafa allir lagst á eitt um að koma sterkari til baka og hverjar svo sem reglur almannavarna hafa verið þá hefur félagið reynt eftir fremsta megni að viðhalda og hvetja áfram sína iðkendur.

Þrautsegja og elja leikmanna meistaraflokka karla og kvenna er aðdáunarverð en reynt hefur á þolgæði okkar fremsta keppnisfólks. Þau hafa staðið sig framar vonum og haldið vel hvert utan um annað. Ég hvet forráðamenn yngri iðkenda einnig til þess að styðja sín börn áfram til dáða, oft var þörf en nú er nauðsyn.

Ljóst er að Körfuknattleiksdeild Njarðvíkur á bestu bakhjarla sem nokkur getur óskað sér því stuðningur þeirra hefur verið ómetanlegur við þessar aðstæður. Þrátt fyrir að einungis örfáir leikir hafi verið spilaðir þetta árið láta samstarfs- og styrktaraðilar deildarinnar ekki deigan síga. Bjartari tímar eru handan við hornið og við erum öll tilbúin, við erum öll spennt og Njarðvíkurljónin munu halda í veiðilendurnar um leið og grænt ljós fæst á bráðina.

Nokkrar breytingar urðu á leikmannahópum meistaraflokks karla og kvenna fyrir yfirstandandi tímabil. Rúnar Ingi Erlingsson tók við þjálfun meistaraflokks kvenna þar sem Lárus Ingi Magnússon er honum til aðstoðar og Friðrik Ingi Rúnarsson bættist við öflugt þjálfarateymi með Einari Árna og Halldóri Karlssyni. Markmiðin eru háleit, karlaliðið okkar ætlar sér ekkert annað en í baráttu um þá titla sem eru í boði og kvennaliðið hefur sett sjónir sínar á sæti í Domino´s-deild kvenna. Ástandið hefur þó einnig haft í för með sér að Ashley Grey, Zvonko Buljan og Ryan Montgomery hafa öll snúið aftur til síns heima. Reynt hefur á stjórnarmeðlimi Körfuknattleiksdeildarinnar við að púsla starfinu saman. Ég vil þakka unglingaráði sín góðu störf fyrir framtíðarfólkið okkar og samstarfsfólki mínu í stjórn deildarinnar fyrir að halda dampi í sterkum og samrýmdum hóp með jákvæðnina að vopni.

Þetta árið var nýlunda sem vakti verðskuldaða athygli í félagslífi körfuknattleiksdeildarinnar þegar þjóðhátíðardagurinn gekk í garð. Venju samkvæmt var 17. júní kaffið vel sótt og þá héldum við einnig fullorðins- og fjölskyldubingó sem fóru fram úr björtustu vonum. Það er nokkuð ljóst að Njarðvíkingar eiga Íslandsmet í bingó-áhuga og þið vitið hvað verður á döfinni um leið og veður leyfir. Bingó í sal! Stjórn Körfuknattleiksdeildar Njarðvíkur vill einnig koma á framfæri þakklæti fyrir öflugt og gott samstarf við Reykjanesbæ þetta árið. Þeirra aðgerðir til eflingar íþróttafélaganna í bænum eru til fyrirmyndar og sýna glögglega metnaðinn fyrir íþrótta- og lýðheilsustarfi í sveitarfélaginu. Það er okkar trú að Reykjanesbær eigi og geti orðið fremsti íþróttabær landsins!

Þegar þetta er ritað er alveg ljóst að íþróttahreyfingin þolir ekki mikið lengur við. Fjölmargir hafa orðið til þess að lýsa undrun sinni á skorti á samstöðu um aðgerðir þar sem Ísland virðist fara allt aðrar leiðir en Norðurlöndin. Baráttan gegn veirunni heldur áfram en þegar boltagreinum á Norðurlöndum tekst með myndarbrag að halda starfi sínu á lofti gerum við þá kröfu að vera ekki eftirbátar samanburðarlandanna okkar. Yfirvöld hafa til fjölda áratuga treyst á öflugt og framsækið starf íþróttafélaganna og það traust verður að halda líka þegar faraldur geysar. Nú er lag að hefjast handa, opna fyrir æfingar og bráðlega fyrir keppni svo að ekki hljótist meiri skaði af fyrir starfið en þegar er orðinn.

Kæru Njarðvíkingar. Ég vil óska ykkur gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári. Með kærri þökk fyrir stuðninginn í gegnum árin. Fyrir fánann og UMFN!

Kristín Örlygsdóttir
Formaður Körfuknattleiksdeildar
Njarðvíkur

Bríet Björk Hauksdóttir sækir að körfu gestanna í Akurskóla

Erfitt að hætta við Nettómótið

Körfuboltatímabil í barna- og unglinga starfi körfuknattleiksdeildar hefur verið með frekar óhefðbundnu sniði þetta árið. Árið fór vel af stað og undirbúningur Nettómótsins fór á fullt í janúar hjá unglinga ráðum Njarðvík og Keflavík. Undirbúningur gekk vel og stefnt var að því að halda eitt stærsta og fjölmennasta mótið þar sem þetta var 30 ára afmælismót. Veglegur mótsbæklingur var gefinn út, flottir listamenn bókaðir á kvöldvökuna, glæsileg mótsgjöf og verðlaunapeningur tilbúinn en á síðustu stundu þurfti að aflýsa mótinu. Við viljum þakka aðstandendum mótsins fyrir hjálpsemi og skilning við þessa ákvörðun og vitum að þeir verða tilbúnir í samstarf næst. Að hætta við mótið sem er stærsta fjáröflun unglingaráðanna var erfið en við þökkum okkar styrktaraðilum fyrir þeirra stuðning og skilning. Æfingar féllu svo niður í byrjun mars og fram í byrjun maí en iðkendur voru duglegir að æfa heima þar sem Logi Gunnarsson, yfirþjálfari, setti inn heimaæfingar á XPS forritið. Einnig tóku þær mæðgur og körfuknattleiksþjálfarar, Bylgja Sverrisdóttir og Eygló Alexandersdóttir, sig til og settu upp áskoranir á Instagram fyrir iðkendur sem krakkarnir tóku vel í og gátu unnið vinninga frá Unglingaráði fyrir afrek sín. Glæsilegt framtak þar.

Sumaræfingar hafa aldrei verið eins öflugar þar sem við fengum smá hvíld frá veirunni og voru æfingar í allt sumar undir styrkri stjórn Elvars Más Friðrikssonar og Adams Eiðs Ásgeirssonar auk aðstoðarþjálfara sem komu úr röðum yngriflokka landsliða. Haustið fór vel af stað, margir þjálfarar endurnýjuðu samninga við unglingaráð auk þess sem við bættust öflugir þjálfarar fyrir þá sem létu af störfum. Það er trú okkar að félagið sé með einn öflugasta þjálfarahóp landsins! Það kom sér vel fyrir þjálfara að vera með XPS forritið til að halda utan um heimaæfingar þegar aftur skall á æfingabann núna í október. En vonandi tekst okkur að halda æfingum gangandi síðustu vikurnar af árinu þar sem það er mikilvægt fyrir börnin okkar að komast í hreyfingu og rútínu sem er ein besta leið að heilbrigðu líferni. Mikið hefur mætt á sjálfboðaliðum unglingaráðs í öllum þessu ferli, að bregðast við erfiðum aðstæðum og endurhugsa viðburði og fjáraflanir til að halda starfinu gangandi. Eitt af stóru verkefnum Unglingaráðs var að setja í loftið sölusíðu þar sem ýmis varningur merktur félaginu er til sölu til fjáröflunar. Við hvetjum ykkur til að versla „heima“ og styrkja þannig barna- og unglingastarf körfunnar í Njarðvík. **https://myshop.is/shop/umfn/**

Elvar í Litháen

Elvar Már Friðriksson gekk til liðs við Siauliai í Litháen og hefur leikið þar það sem af er þessu tímabili. Elvar er fyrstur Íslendinga til þess að leika í deildinni í Litháen. Elvar átti mjög gott tímabil með Borås í Svíþjóð á síðasta vetri þar sem hann vann sænska meistaratitilinn með liðinu. Siauliai hafnaði í áttunda sætinu í Litháen á síðasta tímabili en liðið leikur jafnframt í deild með liðum frá Lettlandi og Eistlandi. Þótt liði Elvars hafi ekki gengið sem skildi fram að þessu hefur hann persónulega verið að leika nokkuð vel.

Nú fer þetta fordæmalausa ár senn að enda. Árið 2020 hefur verið krefjandi fyrir knattspyrnudeild Njarðvíkur, rétt eins og aðrar íþróttadeildir hér á landi. Íþróttastarfið byggist upp á sjálfboðaliðum og þrátt fyrir krefjandi tíma í samfélaginu þá hafa stjórnarmenn, stuðningsmenn og aðrir sjálfboðaliðar látið slag standa og barist með knattspyrnudeildinni. Kann ég þeim bestu þakkir fyrir vel unnin störf og mikilvægt framlag til knattspyrnudeildarinnar. Einnig vil ég þakka þeim fjölmörgu styrktar- og samstarfsaðilum sem hafa stutt félagið á þessum erfiðu tímum. Við erum öll að vinna saman í einu mikilvægasta samfélagsverkefni landsins, íþróttastarfið.

Núverandi stjórn knattspyrnudeildarinnar var kjörin á aðalfundi þann 16. mars en í stjórn deildarinnar sitja ásamt undirrituðum, Aron Hlynur Ásgeirsson, Ágúst Eir Aðalbjörnsson, Árni Þór Ármannsson, Davíð Arthur, Haukur Aðalsteinsson, Hjalti Már Brynjarsson og Viðar Einarsson, en hann var fenginn til að aðstoða stjórnina á vormánuðum. Árni Þór gaf ekki kost á sér áfram sem formaður en situr þó áfram í stjórn. Stjórnin tók við á skrítnum tímum þar sem knattspyrnusambandið hafði nýverið frestað öllum leikjum og sóttvarnaryfirvöld bannað íþróttaiðkun. Þegar farið var að vora var hafist handar á endurbótum á klefanum hjá meistaraflokki liðsins. Heppnuðust þær framkvæmdir virkilega vel.

Í maí mánuði lét Leifur Gunnlaugsson af störfum sem framkvæmdar- og vallarstjóri deildarinnar. Leifur hefur starfað fyrir knattspyrnudeildina í hátt í þrjá áratugi. Það eru því fáir sem þekkja sögu knattspyrnudeildarinnar betur en Leifur en hann hefur fylgt liðinu í gegnum hæðir og lægðir. Stjórn knattspyrnudeildarinnar vill þakka Leif fyrir framlag sitt og óeigingjarnt starf í þágu fótboltans hér í Njarðvík.

Keppnistímabilið hófst af krafti þann 20. júní með 3-1 sigri gegn Völsungi en árangur liðsins í sumar var heilt yfir góður. Tímabilið í ár var hins vegar sérstakt og vonast allir eftir því að þurfa ekki að fara í gegnum annað slíkt tímabil. Um mitt sumar, í kringum verslunarmannahelgina, stöðvaðist mótið í rúmar tvær vikur. Mótið fór aftur af stað um miðjan ágúst en þá án áhorfenda og þurfti einnig að fylgja ströngum COVID sóttvarnarreglum. Mótið var endanlega flautað af 30. október, eftir að hafa verið stopp í um tvær vikur en tveir leikir voru enn eftir af tímabilinu. Njarðvíkurliðið endaði í fjórða sæti með 40 stig og enn með tölfræðilegan möguleika á að komast upp um deild.

Í nóvember síðast liðnum voru þjálfaraskipti hjá liðinu en þeir Bjarni Jóhannsson og Hólmar Örn Rúnarsson tóku við liðinu af Mikael Nikulássyni. Mikael á skilið bestu þakkir fyrir starf sitt í þágu félagsins en hann stýrði liðinu af festu á erfiðum tímum. Á sama tíma og við þökkum Mikael fyrir vel unnin störf þá bjóðum við þá Bjarna og Hólmar velkomna til Njarðvíkur en stjórn knattspyrnudeildarinnar er spennt að fylgjast með þeim félögum efla fótboltann hér í Njarðvík og koma liðinu meðal 20 bestu knattspyrnuliða á landinu. Þar eigum við heima.

Stöndum saman, berjumst saman, fyrir fánann og UMFN!

Gylfi Þór Gylfason, formaður knattspyrnudeildar Njarðvíkur

Metnaðarfullt starf í yngri flokkum

Við í fótboltanum í Njarðvík höfum reynt eftir fremsta megni að halda úti hefðbundnu starfi á árinu og gengið ágætlega. Við höfum þurft að hugsa í lausnum m.a. með heimaæfingum o.fl. Knattspyrnudeildin er ótrúlega stolt af þjálfurum sínum, foreldrum og ekki síst öllum iðkendum okkar. Iðkendur héldu áfram að taka framförum undir dyggri stjórn okkar metnaðarfullu þjálfara. Það hefur verið mikil fjölgun iðkenda í yngri flokkum félagsins undanfarin ár enda hefur verið mikill metnaður lagður í starfið og bæjarfélagið sífellt að stækka. Knattspyrnudeildin leggur mikið upp úr jákvæðri og uppbyggilegri þjálfun þar sem allir iðkendur fá að njóta sín og taka framförum. Við vinnum með gildin okkar jákvæðni, samvinna og dugnaður. Það eru margir ungir og efnilegir leikmenn að koma upp hjá okkur. Það er von okkar að sjá uppalda leikmenn stimpla sig inn í meistaraflokk félagsins og jafnvel gera tilkall til að komast í landslið Íslands. Að lokum má minnast á að kvennastarfið heldur áfram að blómstra og æfa nú tæplega hundrað stúlkur á aldrinum fjögurra til fjórtán ára fótbolta sem er magnað miðað við að fyrir fjórum árum var enginn fótbolti í boði fyrir stelpur í Njarðvík. Ekki er langt að líða þar til knattspyrnudeildin þarf að fara að huga að stofnun meistaraflokks kvenna þar sem okkar efnilegu stúlkur geta haldið áfram að klæðast grænu og keppa fyrir hönd félagsins.

Áfangar ehf.
hreinlætisvörur
Hafnargötu 90 • 230 Reykjanesbæ
Sími 421 1900

ÞÚ FINNUR JÓLAGJÖFINA Á
MACRON.IS

Karen og Halldór íþróttafólk UMFN 2019

Karen Mist Arngeirsdóttir sundkona og Halldór Jens Vilhjálmsson, kraftlyftingamaður voru kjörin íþróttafólk UMFN 2019 í hófi þar sem íþróttafólk allra deilda var heiðrað.

Aðalfundur 2020

Ágætis mæting var á aðalfund UMFN þó svo hann væri seint á ferðinni þetta árið og seinkunin í boði COVID-19. Ólafur Eyjólfsson var endurkjörinn sem formaður og var sitjandi stjórn endurkjörin að undanskilinni einni breytingu. Þórdís Björg Ingólfsdóttir var kjörin varamaður í stað Brynju Vigdísar Þorsteindóttur sem hefur verið starfandi í stjórnum UMFN frá 2013.

Að loknu kjöri fór formaður yfir ársskýrslu stjórnar. Gunnar Þórarinsson fór yfir ársreikning félagsins og var hann samþykktur samhljóða.

Gestir frá UMFÍ þeir Guðmundur Sigurbergsson og Lárus B. Lárusson heimsóttu okkur og tók Guðmundur til máls og sagði það ánægjulegt að Unglingalandsmótið yrði haldið á Selfossi um verslunarmanna helgina, en bæði 50+ og Landsmóti var síðar frestað. Guðmundur talaði um þær 44% af tekjum UMFN sem koma frá Íslenskri Getspá og í því ljósi nefndi hann mikilvægi Íslenskrar getspár umfram erlenda slíka veðbanka sem skila engu til landsins en eru stórtæk hér á landi. Að lokum afhenti Ólafur Thordersen Ólafsbikarinn, Þórunni Maríu Þorbergsdóttur fyrir langt og gott starf hjá körfuknattleiksdeildinni. Að hún sé alltaf til staðar ef þörf er á, og sagði Ólafur frá því að þegar hann tók þátt í Reykjavíkur-hlaupinu á síðasta ári þá var Þórunn að sjálfsögðu þar á hliðarlínunni að hvetja þátttakendur með grænt Njarðvíkur-buff á höfði.

Íþróttafólk UMFN eftir deildum

Júdó
Heiðrún Fjóla Pálsdóttir
Ingólfur Rögnvaldsson

Körfuknattleikur
Vilborg Jónsdóttir
Elvar Már Friðriksson

Knattspyrna
Atli Geir Gunnarsson

Kraftlyftingar
Elísa Sveinsdóttir
Halldór Jens Vilhjálmsson

Sund
Karen Mist Arngeirsdóttir
Fannar Snævar Hauksson

Þríþraut
Guðlaug Sveinsdóttir

Heiðursviðurkenningar 2020

Gullmerki

Friðrik Stefánsson
Logi Halldórsson

Silfurmerki

Árni Þór Ármannsson
Guðni Erlendsson
Hörður Birkisson
Ágústa Guðmarsdóttir
Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir

Bronsmerki

Anna Andrésdóttir

Brynja Vigdís, Anna, Ágústa, Árni,Friðrik og Logi við afhendingu heiðurs viðurkenninga

Fagmenn á heimavelli

Pacta lögmenn óska viðskiptavinum sínum og Suðurnesjamönnum öllum gleðilegrar hátíðar

Guðný Petrína Þórðardóttir
lögfræðingur

Elías Kristjánsson
lögmaður

Guðný og Elías eru hluti af öflugu liði á þriðja tug Pacta lögmanna, tilbúin að veita þér afburða lögfræðiþjónustu og ráðgjöf.

Við hjá Pacta lögmönnum bjóðum upp á alla almenna lögfræðiþjónustu fyrir einstaklinga, fyrirtæki, sveitarfélög og stofnanir. Við veitum viðskiptavinum okkar persónulega þjónustu á þrettán starfsstöðvum víðsvegar um landið. Með samræmdu upplýsingakerfi og samskiptalausnum hafa lögmenn Pacta einstakan aðgang að reynslu og sérþekkingu annarra lögmanna stofunnar, hvar sem þeir starfa á landinu.

Hafðu samband við okkur í síma 440 7900
eða á netfangið pacta@pacta.is

PACTA
LÖGMENN

Krossmóa 4a · 260 Reykjanesbæ · Sími 440 7900

Mikil gróska hefur verið hjá 3N sl. ár og þetta árið var engin undantekning. Ástandið var öðruvísi í ár en það var góð mæting á æfingar deildarinnar, þegar leyfilegt var að hafa þær. Einnig var fólk duglegt að æfa sjálft. Margir eru í hlaupahóp, sundhóp eða hjólahóp innan 3N og nokkrir aðilar æfa með öllum hópunum þremur.

Árið hófst með æfingabúðum í Reykjanesbæ, fyrstu helgina í janúar, sem tókst ótrúlega vel og allir aðilar alsælir með helgina, sem hófst á föstudagskvöldi með sundi, á laugardeginum var hlaupið, hlustað á fyrirlestur hjá Klemenz um hlaup og næringu. Ása Guðný ræddi um æfingaprógrammið okkar og æfingaálag og svo tekin brick-æfing, þar sem var hjólað og hlaupið til skiptis. Um kvöldið borðaði hópurinn svo saman. Á sunnudeginum var tekin létt sprettþraut, þar sem var synt og hjólað inni og síðan farið út á Vetrarbraut og hlaupið. Að lokum kom Una Sig og var með yogateygjur í 3N salnum.

Í mars hélt 11 manna hópur frá 3N til Kanarý í viku æfingarferð með Ívari Trausta sem var algjörlega frábær. Aðal áherslan var á að hlaupa og hjóla en einhverjir fóru líka í sjósund eða syntu í hótellauginni og svo var auðvitað líka slakað á í sólinni. Ferðin heppnaðist með eindæmum vel og var algjör snilld eftir veturinn og frábær undirbúningur fyrir sumarið.

Deildin hélt að þessu sinni ekki sín árlegu tvö stórmót; hjólamótið í byrjun maí og sprettþraut af augljósum aðstæðum.

Hlaupagarpar deildarinnar tóku þátt í Iceland Running Festival, Hengilshlaupinu, Laugavegshlaupinu, Adidas Boost og Reykjavíkurmaraþonið var hlaupið í Reykjanesbæ þetta árið í ágúst. Í byrjun júlí hélt deildin í samstarfi við Ívar Trausta mjög áhugavert og eftirminnilegt utanvegahlaup á Reykjanesinu þar sem hlaupið var á milli heimsálfa. Þetta hlaup var ekki mikið auglýst og var í raun smá æfining fyrir því sem koma skal á næstu árum. Hlaupið heitir America to Europe og vegalengdirnar voru 100 mílur (160km), sem var fyrsta 100 mílu hlaupið, sem var haldið hér á landi, 100km, 50km, 30km og 10km. Einn aðili tók þátt í 100 mílu hlaupinu, Gunnar Viðar Gunnarsson og kláraði það með miklum dugnaði á 26 klukkustundum og 37 mínútum. Allar vegalengdir voru þreyttar en ekki margir sem tóku þátt að þessu sinni. Þetta var mjög góð reynsla fyrir deildina, til að geta skipulagt og haldið enn stærra hlaup að ári og þá mega vonandi erlendir hlauparar koma til landsins og hlaupa á milli heimsálfanna.

Í desember hefur alltaf verið nóg um að vera hjá 3N. Þorláksmessusundið, Kirkjuhlaupið á annan dag jóla kl:11 frá Vatnaveröld. Þá hafa allir mætt sem vilja vera með, bæði félagsmenn og aðrir hlauparar úr Reykjanesbæ. Hlaupið er milli kirkna í Reykjanesbæ með jólasveinahúfur og hafa haft mikið gaman af. Kirkjuhlaupið endar við Innri Njarðvíkurkirkju með ljúffengu heitu Sollu-kakó. Solla hefur síðan ekið hlaupurum heim sem ekki kjósa að hlaupa til baka. Þegar þetta er ritað er ekki vitað hvort þetta verður að veruleika þetta árið sökum sóttvarnarreglna.

Árinu líkur síðan með hinum árlega "Klemma" sem Klemmi sjálfur hefur hlaupið í yfir 20ár, en 3N félagar og aðrir hafa hlaupið með sl. 8 ár. Sumir labba, aðrir skokka eða hlaupa og svo eru alltaf einhverjir sem hjóla hringinn. Hver og einn velur vegalengd við sitt hæfi. Hlaupið hefst heima hjá Klemma í Heiðarbólinu, hlaupið er útí Sandgerði og Garð og lýkur svo heima hjá Klemma.

Við viljum nota þetta tækifæri til að þakka frábærum þjálfurum 3N, þeim Klemenzi Sæmundssyni hlaupaþjálfara, Ásu Guðnýju og Ármanni hjólaþjálfurunum okkar og Jónu Helenu Bjarnadóttur sundþjálfara fyrir frábært starf á árinu. Einnig viljum við þakka félagsmönnum og konum fyrir að vera dugleg að mæta á æfingarnar og gera þær svona skemmtilegar og verið ofurdugleg að æfa sjálf, þá sérstaklega að hlaupa þegar æfingar hafa ekki verið leyfðar.

F.h. stjórnar 3N
Guðbjörg Jónsdóttir, ritari 3N

LAUGAFISKUR

Óskum Njarðvíkingum gleðilegrar hátíðar



Formaður fyrirliðaklúbbsins

Hreiðar Hreiðarsson rifjar upp yngri árin á "malbikinu" og ferilinn

Hreiðar Hreiðarsson er nafn sem líkast til flestir Njarðvíkingar þekkja nokkuð vel, þó kannski helst þeir sem eldri eru. Hreiðar var án nokkurs vafa ákveðin kjölfesta í gullæði körfuboltans á níunda áratug síðustu aldar og í viðtalinu sem hér fer sannast það. Eftir að hafa staðið vaktina við færiband titla fyrir UMFN hér á árum áður stendur Hreiðar þessa dagana við færiband fiskeldis Stofnfisks sem fiskeldisfræðingur og nýtur sín vel.

„Ég tel mig vera orginal Njarðvíking, engin spurning. Móðurætt mín mætir hingað í Innri Njarðvíkina fyrst um 1925 og svo fáum við lóð á Bjargi í Ytri Njarðvíkinni." segir Hreiðar stoltur. Afi Hreiðars, Karvel Ögmundsson útgerðarbóndi,einn af stofnendum Ungmennafélagsins og oddviti Njarðvíkurhrepps til 20 ára ýta undir þá staðfestingu að Hreiðar sé vissulega „orginal"

Hreiðar sjálfur sleit barnskóm sínum á Grundarvegi 15, steinsnar frá íþróttahúsinu og átti það eftir að koma sér nokkuð vel fyrir ungan íþróttaálfinn sem þurfti greinilega á mikilli hreyfingu að halda. Á Grundarveginum hófst vegferðin. „Þarna byrjuðum við að sparka bolta við Doddi Óskars (Þórður) og Eddi Þór (Eðvarð Þór Eðvarsson) en fyrstu skipulögðu æfingarnar voru líkast til þegar ég var 7 ára og þá varð það fótboltaæfing. Ég var alltaf að reyna að elta stóru strákana, var voðalega mikið með gaurum sem voru alveg 3-4 árum eldri. Ég var kominn með ágætis hæð og þroska miðað við aldur þannig að þetta var í lagi. Arnar Jóns (í Sparra) var minn fyrsti þjálfari í fótboltanum og svo það næsta sem ég man að Pétur bróðir dró mig á körfuboltaæfingu. Þetta er í kringum 1974-75 þegar Bogi, Ingi og líkast til Hilmar eru að keyra í gang miniboltann. Ég man að körfur voru hengdar uppá stærri körfunar og enn var ég að sprikla með stóru strákunum og þarna var Ástþór Inga auðvitað byrjaður að æfa og fleiri."

Strax á þessum yngri árum mátti sjá í hvað stefndi þar sem að fyrsta gullið kom strax ári seinna. „Já við verðum Íslandsmeistarar þarna ári seinna í minibolta. Í þessu liði voru Teitur (Örlygsson), Óli Thord (yngri) svo einhverjir séu nefndir. Jón Viðar Matthíasson og Svavar Herbertsson voru þjálfarar hjá okkur en þeir höfðu tekið við af Vladan Marcovic sem þjálfaði okkur framan af. Þá var einmitt Viddi (Í Höfða) túlkur fyrir okkur guttana. Við þurftum nú yfirleitt að sækja hann á laugardagsmorgnum og ef við náðum honum á fætur var hann nú yfirleitt heldur tussulegur. " sagði Hreiðar og hló innilega.

Óli Thord með flautuskot

En þessi úrslitaleikur um Íslandsmeistaratitilinn í minibolta var alger naglbítur og úrslitin réðust eins og sannir úrslitaleikir gera, á síðasta skotinu þegar flautan gall. „Já þessi úrslitaleikur var í Hagaskóla gegn KR. Við vorum svo margir að það var skipt í tvö alveg jafngóð lið, UMFN A og UMFN B og svo fór að B liðið vann A liðið í undanúrslitum og keppti til úrslita við KR. Ég man bara eftir að Felix Bergsson var í þessu KR liði. Undir lokin var jafnt á tölum þegar Óli Thord hleður í hook skot frá miðju og boltinn beint ofaní. Ég held reyndar að hann hafi bara verið að henda boltanum fram eða reyna að gefa hann á einhvern, en hann fór beint ofaní og við unnum. Þetta var fyrsti titillinn minn árið 1977. "

Eftir þetta var ekki aftur snúið hjá ungum dreng sem augljóslega fékk í vöggugjöf góðan grunn fyrir íþróttir og bjó nánast í einni af boltageymslum Ljónagryfjunnar. „Iðulega þegar minn árgangur var á eldra árinu þá unnum við titla og vorum sigursælir. 67 árgangurinn var mjög sterkur í öllum íþróttum. Teitur, Kiddi (Einars), Helgi Arnars, Nonni Magg (Magga Dan) og Óli Thord, þetta voru svona aðalboltarnir í þessu, vona að ég sé ekki að gleyma neinum. Óli náttúrulega hætti svo fljótlega út af handboltanum, en ég var með honum þar líka. Það var nú bara þannig á þessum árum að við fórum á allar æfingar sem voru í boði. Ef það var júdóæfing niðri í sal þá mættum við þar og einnig ef það var sundæfing þá vorum við komnir í skýluna. Við prófuðum bara allt" sagði Hreiðar og þarna erum við komnir nokkuð djúpt í gamlar en ljóslifandi minningar hjá Hreiðari.

Maður tók eftir að því lengra sem samtal okkar fór því meira ljómaði í okkar manni. Upprifjanir af æsku Hreiðars ylja honum greinilega sem ýtir undir að æska hans í Njarðvík hafi verið honum kær. Við héldum aðeins áfram með handboltaferilinn hjá Hreiðari.

Söfnuðu fyrir ferð með tíkalla harki

„Við erum þarna í 5. flokki og þar var Óli Thord gamli að þjálfa enda mikill handbolti í þeirri fjölskyldu. Óli hnoðar okkur saman í lið og á þessum tíma erum við Óli Thord

yngri mikið saman og með okkur Ómar Ellerts. Flokkur var stofnaður og með boltameðferð sem var langt umfram jafnaldra okkar að vopni sem mátti skrifast á Vladan Marcovic úr körfunni þá spiluðum við einhvern svona "fifties" handbolta þar sem við bara drippluðum í gegn og skoruðum. En þarna í þessum 5. flokki í handbolta sá maður það sem koma skildi frá Teit Örlygssyni og keppnisskapið hans. Ég og Teitur höfum verið vinir frá 6 ára aldri og ég vissi alveg að hann var enginn vælukjói. Þarna vorum við að spila úrslitaleik gegn KR, fullt af fólki að horfa á og við töpum. Eftir leik fer Teitur að gráta því hann bara gjörsamlega þoldi ekki að tapa. Enn svo í 4. flokki verðum við Íslandsmeistarar og sem fyrr segir fórum við langt á boltatækni og auðvitað höfðum við ágætis leikskilning, við vorum bara drullu góðir. Við fórum meira segja í ferð til Danmerkur sem var kostuð með 10 kalla harki í stúkunni. Þeir sem þekkja til vita um hvað er að ræða og við Óli Thord og Ómar Ellerts skiptum okkur eina helgina í þrjár grúppur og enduðum með poka fullan af 10 köllum sem við ákváðum að nota í íþróttaferð. Vissum ekkert hvert eða í hvaða íþrótt, bara í einhverja íþróttaferð og úr varð að við fórum til Danmerkur. Það var svo í 3. flokki að við förum að rekast á veggi þar sem að skrokkar voru orðnir stærri og handboltinn orðinn þyngri með markvissum "stimplunum". Við kunnum ekkert á þetta og þá fór að halla undan fæti hjá okkur og fljótlega tekur körfuboltinn algerlega við" sagði Hreiðar og uppljóstraði að á þessum tíma hafi handboltinn verið ofar körfuboltanum í hans huga og strákapör vöfðust inn í eina góða söguna

„Við vorum bara á tímabili á móti körfunni, aðallega ég og Óli Thord þar sem við vorum mikið saman. Ég man einu sinni að það var verið að byggja við Ljónagryfjuna þar sem að búningsaðstaðan er í dag og við Óli vorum þarna uppá þaki og höfðum fundið vatnsslöngu sem verktakarnir voru að nota við bygginguna. Meistaraflokkur í körfunni hafði verið á æfingu, Gunni Þorvarða, Steini Bjarna og fleiri kappar þurftu vegna framkvæmda að fara út um glugga á hliðinni á húsinu. En þarna biðum við félagar eftir að þeir komu út og sprautuðum vatni yfir þá alla og hlógum svo dátt." sagði Hreiðar og hélt áfram með óþekktarsögur af þeim félögum. „Þetta var á straff tímabili okkar Óla. Við vorum meira og minna alltaf í straffi hjá honum Óskari sem var með íþróttahúsið í heljargreipum sér á þessum tíma. Það mátti enginn vera í húsinu og við reglulega að reyna að svindla okkur inn. Meira segja var það þannig að ef Óli var tekinn einn við að svindla sér inn þá fór ég algerlega sjálfvirkt líka í straff og svo öfugt.

Við Kiddi biðum inní klefa til að komast á meistaraflokks æfingar

Það var ekki fyrr en tímabilið 1982-83 sem að Hreiðar fór að bregða fyrir í meistaraflokknum í körfuboltanum. Á 16. ári þá höfðu hann og Kiddi Einars komið sér upp nokkurri venju til þess að eiga mögulegan kost að komast á æfingar hjá meistaraflokki. „Meistaraflokkurinn æfði alltaf á eftir okkar æfingum og oftar en ekki þá kom það fyrir að Hilmari Hafsteins þjálfara vantaði mann á æfingu hjá sér til að fylla í það æfinga prógram sem hann hafði sett upp. Þá kom hann inn í klefa og kallaði annað hvort á mig eða Kidda til að fylla uppí. Þannig að þennan vetur þá biðum við Kiddi bara inní klefa eftir okkar æfingu, vorum bara að spjalla eða fíflast eitthvað í þeirri von að mann vantaði á meistaraflokks æfinguna. Teitur hafði náttúrulega alla þá hæfileika líka til að fara á meistaraflokks æfingu enda óhemju flinkur í öllum íþróttum sem hann prófaði, en hann var kannski seinþroska og vantaði smá kjöt á beinin. "

Það var þarna sem Hreiðar missti meistaraflokks sveindóm sinn en í minningunni var tímabilið hins vegar ekki gott og í raun þvert á móti. „Í mínum huga var þetta hryllings tímabil en þarna kemst ég fyrst á leikskrá. Okkur gekk illa með t.d. Keflvíkingana þetta tímabili og þegar mætt var á Bergás þá fékk maður að finna fyrir því. Björn Víkingur var þá þeirra helsta vopn og minnir að Alex Nikulásson hafi einnig verið þarna með þeim."

Ári seinna hefst svo tímabil sem átti eftir að spanna einhver ár. Gullæði tók völd í körfuknattleik Njarðvíkur og að því er Hreiðar greinir frá nokkuð óvænt. „ Tímabilið eftir þetta er fyrsta kanalausa tímabilið í nokkur ár. Okkur var ekkert spáð góðu gengi og sumir fóru svo langt með að spá okkur falli úr deildinni. Við komum þarna ungir inn, ég, Kiddi, Teitur og Ísak (Tómasson) að koma til baka eftir meiðsli. Ástþór Inga, Albert Eðvalds og Helgi Rafns eru líka þannig að við erum þarna 7 hvolpar og fyrir voru Valli (Ingimundar) , Árni Lár, Stulli (Örlygs), Gunni Þorvarða og Júlli Valgeirs. En þetta smellur svona svakalega vel hjá okkur og við verðum Íslandsmeistarar árið 1984. Og þarna í rauninni hefst gullaldartímabil körfunnar í Njarðvík þó svo að tveir titlar hafi komið þarna áður. Og ég er sannfærður um það að grunnurinn hafi verið lagður í miniboltanum á 8. áratugnum allt í boði heiðursmanna eins og Boga, Inga Gunnars og Hilmars Hafsteins, líkast til var Krissi (Kristbjörn Albertsson) líka með þeim þarna."

Sem fyrr segir tekur þarna við tímabil sem kemur þessu litla bæjarfélagi á íþróttakort Íslands. Flestir ef ekki allir landsmenn sem eitthvað þekktu til vissu af Njarðvík í körfuboltanum og víðsvegar hefur maður heyrt úr ólíklegustu áttum að menn hafi alltaf haldið með Njarðvík í körfunni. „Þessi ár eru okkur óhemju drjúg og liðin sem við stillum upp þessi ár eru vel samsett af leikmönnum. Uppstillingin var í raun nokkuð einföld, við höfðum okkar "go-to" mann sem var þarna fyrr á árum Valli Ingimundar. Valli náttúrulega bara fæddur svona ofboðslega fær körfuknattleiksmaður og síðar tók svo Teitur við keflinu og við hinir vorum í ákveðnum hlutverkum. Þarna voru hlutverk hjá öllum leikmönnum á



aðrir, en með þetta KR lið sem hefur sallað inn titlum síðustu ár þá sá maður að í þriðja leikhluta þegar mikið lá við þá fór liðið á einhverja sjálfsstýringu. Allir byrja að hlaupa rétt, sendingar verða betri, allt verður betra og þetta var nokkurs konar vélrænt hjá þeim og inn dettur besta skotið sem er í boði.Þetta skiptir svo miklu máli. Svona vil ég meina að við höfðum verið að einhverju leyti. Maður setti sjálfan sig aldrei sem eitthvað númer, Njarðvík var ofar öllu. Þetta snérist allt um það. Í dag finnst mér því miður hafa orðið breyting þar sem sumir eru að hugsa um stigin sín og sjálfan sig en auðvitað langt frá því að vera allir. Þetta er hópíþrótt og í gamla daga var bara gríðarleg virðing fyrir liðsfélögum og sér í lagi þeim sem eldri voru og þetta var ákveðið lykilatriði fyrir okkur."

Á löngum ferli Hreiðars væri líkast til hægt að draga upp úr honum endalausar sögur af þessu tímabili og sumar hverjar sem komu fram í okkar samtali eru langt frá því að vera hæfar til prents í jólablaði UMFN, já eða bara í hvaða blaði sem er. Af mörgum minningum þá sagði Hreiðar að úrslitarimman gegn Keflavík 1991 standi svolítið uppúr. „Þessi sería er sterk í minningu og stendur svolítið uppúr. Ég get ekki sagt þér hvernig leikir þróuðust svona í heildina. Ég leit bara á töfluna eftir leiki og annað hvort unnum við eða töpuðum. En þessi sería og tilfinningin í kringum hana var með ólíkindum. Friðrik Ingi Rúnarsson, svona minn yngri bróðir hafði tekið við þjálfun á liðinu eftir að Rondey Robinson hafði ekki ollið því verki. Ástþór Ingason varafyrirliði stakk minnir mig uppá því að Friðrik Ingi tæki við liðinu og við förum í stjórnina og það er gengið frá því nokkuð snögglega. Ég ráðlagði Frikka að vera ekkert að reyna fara að kenna okkur körfubolta og hann gerir rétt þarna og heldur utan um æfingar, taktíkina og kom frábærlega inní þetta. Frikki var með allskonar taktík þarna, límdi upp blaðagreinar í búningsklefum og ýmsu öðru efni til að peppa upp mannskapinn. Ég skildi ekki rassgat í þessu en þetta skilaði sér til margra annara," sagði Hreiðar.

tandurhreinu og ekkert vesen. Júlli Valgeirs hló mikið af mér þegar ég sagði að bestu sóknirnar væru þær sem ég þurfti ekkert að gera. Valli eða Teitur fengu bara boltann og skoruðu, svo hljóp ég tilbaka og fór að djöflast hinumegin á vellinum." sagði Hreiðar nokkuð ákveðið og heldur áfram. „Það var goggunarröð og það voru hlutverk og þú ert ekkert að reyna að breyta því. Gerir þitt besta og allir með fullkominn skilning á þessu. Svo komu inn spámenn sem að riðluðu þessu og þeir bara fúnkeruðu ekki."

Maður setti sig aldrei sem eitthvað númer. Njarðvík var ofar öllu.

Það er augljóst að Hreiðar er mikið í mun að koma þessum ákveðnu atriðum frá sér og ástæða þess nokkuð augljós. „Ég skynja körfubolta kannski eitthvað öðruvísi en

Nú drepum við aðeins niður á því hvernig við munum eftir Hreiðari sem keppnismanni á þessum tíma. Vígalegur varnarmaður, harður í horn að taka og gaf aldrei þumlung eftir. Harðjaxl! En jafnvel harðjaxlar eiga sér mjúk bein og þarna sat hann fyrir framan mig í Boganum og sagði auðmjúkur frá augnabliki sem rennur honum augljóslega seint úr minni. „Við erum undir 1:2 í þessari seríu og förum út í Keflavík að spila leik 4. Ég man alltaf eftir þessu og þetta situr fast í mér. Það kemur einhver inní klefa og segir okkur að krakkarnir í Njarðvíkurskóla séu að koma í skrúðgöngu úr Njarðvík á leikinn. Þarna sagði maður við sjálfan sig að við værum alls ekki að fara að tapa þessum leik. Það fer alveg hrollur um mig og liggur við að ég tárist bara að segja þér frá þessu."

„Þið eruð hundarnir mínir"

Engar ýkjur þar á ferð hjá Hreiðari sem virtist vökna um augun lítillega. „Og það var margt annað minnisstætt úr þessari seríu. Gunni (Örlygs) á náttúrulega svakalega seríu eins og frægt er. Og eins og ég sagði áðan þá kristallaðist þetta með hlutverk leikmanna. Frikki Rúnars kallaði mig og Kidda Einars fyrr um veturinn til sín og sagði „Þið eruð hundarnir mínir og þið gerði bara nákvæmlega það sem ég vil að þið gerið." Við bara jánkuðum því og spurðum iðulega þennan vetur hvað viltu að við gerum. Okkur var drullusama á meðan liðið naut góðs af. Í þessum leik segir Frikki við mig "Lemdu á honum Thornton (erlendum leikmanni Keflavíkur) eins og þú getur þangað til hann brotnar" Það fer ekkert á milli mála ef horft er á leikinn að ég bara lem duglega á honum allan leikinn. Þetta var bara það sem ég átti að gera og Frikki bar ábyrgð á þessu. Enn við vinnum leikinn og seríuna sem má alveg segja að hafi verið sanngjarnt. Við erum yfir í allri seríunni fyrir utan einhverjar 4 mínútur í heildina, samt töpum við tveimur leikjum." sagði Hreiðar og glotti við.

Frásögn af ofan virðist líta kannski svolítið út eins og Hreiðar hafi verið fyrirferðamikill út á við enn í raun var hann hlédrægur og svolítið ósungin hetja körfuboltans í Njarðvík á þessum árum. Þrátt fyrir hlédrægni minnti hann á ákveðna staðreynd. „Öll tímabil mín í meistaraflokki með Njarðvík kom titill í hús, það er nú bara þannig. Ekki einu sinni Teitur getur státað sig af slíku afreki." sagði Hreiðar og hló vel. Það var því nokkuð ljóst að næsta spurning mín væri hvort hann hefði ekki áhuga að komast í liði á ný. „Það kæmi titill,get lofað þér því." bætti Hreiðar við og hló enn meira.

Gat verið mesti trúðurinn enn samt alltaf fyrirliði

Til að gefa aðeins meiri innsýn í það hversu mikilvægur Hreiðar var sínum liðum þá var hann iðulega valinn fyrirliði þess liðs sem hann spilaði með. Það hófst strax í yngri flokkum og skeytti engu um hvaða íþrótt væri að ræða. „Ég veit ekki alveg afhverju, ég hef kannski einhvern svona leiðtogahæfileika. Að sama skapi gat ég

verið mesti trúðurinn í liðinu. Ég hafði líka breitt bak þannig að ég gat tekið við höggum. En ég er fyrirliði alla yngri flokka í flestum íþróttum, auðvitað kom upp eitthvað óvænt svona, Óli Thord fékk að vera fyrirliði hjá pabba sínum og svona." sagði Hreiðar og hlóð í sinn smitandi hlátur aftur. " Ástæðuna get ég ekki útskýrt í þaula. Ég var ekki kærulaus og var samviskusamur þrátt fyrir að á tímum var maður villtur og klikkaður. En ég reyndi sem fyrirliði hjá Njarðvík að halda uppá að gera hlutina rétt, á réttum tíma og halda rútínu. Ég spilaði ekkert flestar mínútur eða neitt svoleiðis ,skipti mig engu máli."

Fyrirliði Íslandsmeistara komst ekki í skólalið FS

Það er hinsvegar fræg saga þegar Hreiðar er fyrirliði Íslandsmeistaranna í körfuknattleik en kemst ekki í lið hjá skólaliði Fjölbrautaskólans. „Já þessi saga er rétt. Guðbrandur Stefánsson var að velja þetta og við erum fínir vinir í dag. Þetta var einhver núningur, ég var svo sem ekkert að kippa mér upp við þetta en auðvitað átti ég að vera í liðinu. Við Gubbi vorum svo að vinna á tryllu fyrir vestan einhvern tíman löngu eftir þetta og þá var hann að afsaka þetta eitthvað með því að ég var valinn í handboltalið FS þá hafi hann viljað hleypa öðrum að í körfuna. En hann var bara að velja sína félaga, Keflavíkurstrákana. En eins og ég sagði, ég kippti mér ekkert upp við þetta. "

Í desember 1991 fer Hreiðar í gegnum hremmingar þegar hann lendir í bílslysi og er stálheppinn að hafa ekki farið verr út því. Á leið heim úr

Fyrirliði Íslandsmeistara UMFN í körfu mikið slasaður eftir bílslys:

Veit ekki hvort ég spila framar

— segir Hreiðar Hreiðarsson sem leikur ekki meira með Njarðvíkingum

Áfall fyrir UMFN

Hreiðar er nemandi í Stýrimanna-

Hreiðar Hreiðarsson á heimili sínu í gær ásamt Sigurjóni Hafsteinssyni, formanni stuðningsmannaklúbbs UMFN. DV-mynd Ægir Már Kárason

stýrimannaskólanum ásamt tveimur öðrum félögum lenda þeir aftan á vörubíl á Grindvíkurafleggjara. Hreiðar og annar farþegi slasast illa og bílstjóri bílsins lætur lífið nokkrum dögum síðar úr sárum sínum.

„Þarna er ég eiginlega þvingaður í að hætta í körfunni. Ég er svo að glíma við þetta langt fram á vor, er þarna í einhverri spelku yfir allan skrokkinn. Fyrir þetta var ég byrjaður að setja hugann í eitthvað annað en körfubolta enda verið ofdekraður af titlum öll þessi ár. Ég man reyndar mjög vel eftir því að þetta tímabil eftir slysið kem ég á leik, í spelkunni og fékk hreint út sagt ótrúlega fallegar viðtökur frá stuðningsmönnum. Þetta var falleg stund." sagði Hreiðar og vöknaði aftur eilítið um augun. Augljóslega stund sem snerti ákveðnar taugar í þessum mjúka stríðsmanni.

Í dag býr Hreiðar í Hafnarfirði en minnir hinsvegar snöggt á að úr glugganum þar sér hann til Njarðvíkur. „Ég held fast í ræturnar í Njarðvík og ef ég lít til baka þá veit ég ekki hvað það var á þessum árum, en þetta var mikið í kringum handboltann og Óla Thord. Við gerðum mikið úr því að við værum Njarðvíkingar og það væri til Njarðvíkurhjarta og að við spiluðum með Njarðvík. Klesstir uppvið annað sveitarfélag og aðrir kannski gerðu ekki greinamun en fyrir okkur var þetta gegnumsneytt. Í öllum íþróttum, skemmtanalífinu þá vorum við Njarðvíkingar hvar sem við fórum. Ég kynni mig enn í dag „Hreiðar Hreiðarsson, Njarðvíkingur." Ég sé þetta svolítið í yngra fólkinu þegar er verið að tala um Stapann og Hljómahöll, þetta rífur svolítið í hjartað. Íþróttahúsið og Stapinn, þetta eru stórir póstar hjá manni og hjá okkur Njarðvíkingum, svona okkar Frelsistytta og Empire state byggingin. Fyrir mér er Ungmennafélagið bara Njarðvík og ég held bara með Njarðvík."

Hreiðar mætir á leiki reglulega hjá félaginu og hefur vissulega skoðanir á hlutunum eins og sjá má hér fyrr í viðtalinu þó hann beri þær ekkert reglulega á torg. „Maður les hvert viðtalið á fætur öðru við þessa afreksmenn þar sem þeir nefna auka æfinguna og hversu mikilvæg hún er. Þetta er laukrétt enn ég man samt ekkert eftir því að við höfðum verið að gera þetta í gamla daga. En þegar ég hugsa það aðeins dýpra þá var maður alltaf í körfubolta. Hérna niður á malbiki á vellinum.Ég man ég var að fara á sjó með Magga Dan heitnum á línu og hann ætlaði að sækja mig á miðnætti. Og við vorum bara niður á velli að spila í stígvélunum, ég man að ég tróð einmitt í fyrsta skipti þarna þegar ég var að bíða eftir að fara í róður, 16 ára gutti. Þetta var svo gaman að maður fattaði það ekkert að maður var á aukaæfingu. En Teitur var alltaf að æfa aukalega, minnir að þetta hafi verið 1984-85 ca. og sagan náttúrulega sýnir að það marg borgaði sig hjá honum. Þetta vissi ég svo sem alltaf. Það rifjast upp að við vorum látnir skrifa ritgerð í skólanum þegar ég var 10 ára og ég skrifaði um að ég yrði trillukarl og að Teitur yrði atvinnumaður og það rættust báðir þessir spádómar mínir, reyndar sagði ég atvinnumaður í fótbolta," sagði Hreiðar .

Sem fyrr segir hefðum við getað spjallað við Hreiðar í þó nokkrar klukkustundir til viðbótar þar sem að sögurnar voru óteljandi. Við gengum eftir samtal okkar í Boganum út í bíl og alla leið þangað, þrátt fyrir að vera búnir að slíta viðtalinu spjölluðum við áfram um gamla tíma. Efni í bók án nokkurs vafa.

Viðtal: Skúli Sig
Myndir: skulisig/timarit.is

Mynd Neðan: Hreiðar stígur út Webster í bikarúrslita leik 1986. „Ég man eftir þessu augnabliki. Boltinn skoppaði meira segja einu sinni áður enn ég sótti frákastið. Eftir að hafa æft undir leiðsögn Gunnars Þorvarðasonar þá var það á sjálfstýringu að stíga vel út. Annað var ekki í boði"

Sérstakt ár hjá Massa

Óhætt að segja að árið hafi verið sérstakt eins og hjá svo mörgum öðrum. Það stóð til að halda vestur-Evrópumeistaramót í kraftlyftingum og klassískum kraftlyftingum í Njarðvík í september á þessu ári en sökum aðstæðna, þurfti því miður að aflýsa því. Þrátt fyrir fyrir samkomubönn og lokanir á lyftingarsölum þá náðist þó að halda nokkur mót í byrjun árs og svo í „glugganum“ í sumar.

Massi átti 4 keppendur í landsliði Íslands á Reykjavík International Games í janúar 2020. Katla Björk Ketilsdóttir keppti í Ólympískum lyftingum í feyki sterkum -64kg flokki kvenna. Hún endaði í 3.sæti á mótinu með því að lyfta 78kg í snörun og 91kg í jafnhendingu. Í klassískum kraftlyftingum kepptu þær Íris Rut Jónsdóttir og Hildur Hörn Orradóttir í -63kg flokki kvenna. Íris Rut endaði í 2.sæti er hún lyfti 127,5kg í hnébeygju, 75kg í bekkbressu og 135kg í réttstöðu. Hildur Hörn endaði í 3.sæti er hún lyfti 130kg í hnébeygju, 55kg í bekkpressu og 140kg í réttstöðu. Sindri Freyr Arnarsson keppti einnig í klassískum kraftlyftingum og sigraði hann -74kg flokki karla er hann lyfti 192,5kg í hnébeygju, 140kg í bekkpressu og 220kg í réttstöðu.

Æfingamót Kraftlyftingasambands Íslands var haldið í Massa í febrúar. 17 keppendur luku keppni, 12 konur og 5 karlar. Þar af voru þrjár konur frá Massa. Keppendur voru á öllum aldri, mörg hver að taka sínar fyrstu lyftur á keppnispalli. Þau voru vel undirbúin og vel studd af sínum félögum.

Íslandsmeistaramót í Ólympískum lyftingum fór fram í Mosfellsbæ í febrúar.

Fulltrúar frá Massa á mótinu voru þau Íris Rut Jónsdóttir og Emil Ragnar Ægisson. Íris Rut sigraði -59kg flokk kvenna er hún lyfti 60kg í snörun og 88kg í jafnhendingu. Emil Ragnar sigraði -81kg flokk karla er hann lyfti 115kg í snörun og 150kg í jafnhendingu.

Íslandsmeistaramót í Réttstöðu fór fram í Kópavogi í júní og átti Massi 6 keppendur á mótinu. Jón Grétar Erlingsson hafnaði í 2.sæti í -74kg flokki karla er hann lyfti 180kg. Sindri Freyr Arnarsson sigraði -83kg flokk karla er hann lyfti 240kg. Eggert Gunnarsson lyfti 225kg og hafnaði í 8.sæti í -105kg flokki karla. Sigurrós Ösp Rögnvaldsdóttir var í 2.sæti í -63kg flokki kvenna með 105kg. Íris Rut Jónsdóttir endaði í 2.sæti í -72kg flokki kvenna er hún lyfti 150kg. Elsa Pálsdóttir endaði í 4.sæti í -84kg flokki kvenna en sló hinsvegar Íslandsmet í þrígang. Fyrst lyfti hún 135kg, svo 150kg og loks 155kg.

Sumarmót Lyftingarsambands Íslands fór fram í Kópavogi í júlí. Íris Rut Jónsdóttir og Katla Björk Ketilsdóttir frá

LYFTINGAR

Massa kepptu báðar í mjög sterkum -64kg flokki kvenna. Íris endaði í 5.sæti með 67kg í snörun og 93kg í jafnhendingu. Katla Björk endaði í 4.sæti með 75kg í snörun og 88kg í jafnhendingu en hún varð einnig Íslandsmeistari í unglingaflokki.

Í stað þess að halda vestur-Evrópumeistaramót í september, þá tók Massi að sér að halda Íslandsmeistaramót í kraftlyftingum og klassískum kraftlyftingum. Mótinu fylgdi strangur undirbúningur hvað varðar sóttvarnir og öryggi keppenda. 46 keppendur mættu til leiks og var lyft frá morgni til kvölds.

Íris Rut Jónsdóttir setti Íslandsmet í -63kg opnum flokki kvenna er hún lyfti 141kg í hnébeygju. Íris endaði í 2.sæti með 366kg í samanlögðu (141/80/145). Þóra Kristín Hjaltadóttir og Hulda Ósk Blöndal kepptu báðar í -84kg opnum flokki kvenna. Þóra endaði í 2.sæti í flokknum með 320kg í samanlögðu (120/65/135). Hulda endaði í 3.sæti með 247,5kg í samanlögðu (90/55/102,5). Elsa Pálsdóttir var í metaham og setti hvorki meira né minna en 18 Íslandsmet á mótinu og varð hún Íslandsmeistari í -84kg öldungaflokki M3 kvenna (60-69ára). Allar gildar lyftur hjá Elsu voru Íslandsmet. Hún endaði með þrennuna 125kg í hnébeygju, 60kg í bekkpressu og 145kg í réttstöðu, sem gerir 330kg í samanlögðu.

Sindri Freyr Arnarsson og Jón Grétar Erlingsson kepptu báðir í -83kg opnum flokki karla. Sindri Freyr endaði í 2.sæti með 577,5kg í samanlögðu (200/147,5/230). Jón Grétar var í 3.sæti með 505kg í samanlögðu (165/130/210). Jens Elís Kristinsson varð Íslandsmeistari í -105kg öldungaflokki M3 karla (60-69ára). Hann lyfti 455kg í samanlögðu (157,5/107,5/190)

Haustmót Lyftingasambands Íslands fór fram á Selfossi í lok september. Íris Rut Jónsdóttir frá Massa keppti í -64kg flokki kvenna og endaði hún í 2.sæti er hún lyfti 70kg í snörun og 94kg í jafnhendingu.

Framundan hjá Massa - Lyftingadeild UMFN ásamt öllum heimsbúum er að sigrast á núverandi heimsfaraldri. Við ætlum að hlúa vel að okkar fólki og halda áfram að byggja upp það góða starf sem hefur átt sér stað síðastliðin ár í Massa.

Við viljum þakka iðkendum, starfsfólki og styrktaraðilum fyrir samstarfið. Gleðileg jól og farsælt komandi nýtt ár.

BENNI PÍPARI
Löggiltur pípulagningaverktaki

HUG VERKTAKAR
Nýsmíði • Húsaviðgerðir
863 4346 • 847 1458

J. BENEDIKTSSON EHF.
EXPORT

ARGO FLUTNINGAR
Sími: 845 0900
Suðurnes - Reykjavík - Suðurnes
2 sinnum á dag

HREYFISPORT

BÍLASPRAUTUN MAGGA JÓNS

Allir með!

Reykjanesbær hleypti af stokkunum veglegu samfélagsverkefni undir heitinu **Allir með**. **Allir með** stuðlar að jöfnum tækifærum barna til þess að tilheyra samfélaginu. Lagt er upp með að öll börn séu í skipulögðu íþrótta- og tómstundastarfi og að allir sem starfa með börnum vinni að vellíðan þeirra með skipulögðum hætti.

UMFN ásamt Keflavík hafa yfirumsjón með verkefnastjórn, tölfræðiupplýsingum og kynningu á öllu íþrótta- og tómstundastarfi í Reykjanesbæ.

Allir með miðar að því að styrkja og styðja þorpið sem kemur að því að ala upp börnin sem þar búa. Vellíðan íbúa spilar þar lykilatriði og er unnið að því að auka lífsgæði og jákvæð samskipti með markvissum hætti. Jákvætt viðmót skal vera ráðandi í öllu starfi með börnum.

Hrósið fer til Reykjanesbæjar fyrir glæsilegt framtak!

Bjarni og Bói taka við á Rafholtsvellinum

Stjórn knattspyrnudeildar Njarðvíkur hefur ráðið Bjarna Jóhannsson og Hólmar Örn Rúnarsson sem aðalþjálfara meistaraflokks félagsins til næstu tveggja ára. Bjarni lét af störfum sem aðalþjálfari Vestra undir lok tímabils og Hólmar lét sömuleiðis af störfum sem spilandi aðalþjálfari Víðis í Garði. Stjórn Njarðvíkur hefur trú á að Bjarni og Hólmar geti lyft knattspyrnunni í Njarðvík á næsta stig, þar sem knattspyrnan í Njarðvík á heima.

Fótboltar að gjöf frá UMFN

Aðalstjórn UMFN og knattspyrnudeild Njarðvíkur tóku sig saman og gáfu leikskólunum í Njarðvíkurhverfinu og á Ásbrú nýja fótbolta að gjöf. Sjö leikskólar fengu bolta en hver þeirra fékk fjóra bolta. Hugmyndin með gjöfinni er að hvetja okkar yngstu iðkendur til frekari hreyfingar og að kynna þeim fyrir þessari frábæru íþrótt sem fótboltinn er.

UMFN hefur undanfarin ár boðið upp á æfingar fyrir börn á leikskólaaldri, jafnt drengi sem stúlkur. Æfingar verða í Reykjaneshöllinni í vetur og hvetjum við foreldra að mæta með börnin sín og leyfa þeim að prófa. Nýtt starfsár hefst 1. október þegar fyrsta æfing vetrarins fer fram. Æft verður tvisvar í viku, á fimmtudögum og sunnudögum. Allar upplýsingar um þjálfara flokka og æfingatíma vetrarins má nálgast á heimasíðu félagsins umfn.is frá næstkomandi mánudegi, 14. september, þegar nýtt starfsár verður kynnt.

IceMar
Icelandic Export

ICEMAR styrkti landsliðin hressilega

IceMar, einn af stærstu samstarfs- og styrktaraðilum Körfuknattleiksdeildar Njarðvíkur, hefur ákveðið að styrkja landsliðsverkefni KKÍ í nóvember um 500.000 kr.

Gunnar Örlygsson eigandi og framkvæmdastjóri IceMar sagði við tækifærið: „Fyrirtæki okkar bræðra, IceMar ehf, hefur ákveðið að styrkja landsliðsverkefni KKÍ í nóvember um 500.000 kr. Úrval og gæði leikmanna eru stórkostleg og tækifæri til afreka eftir því. Rekstur KKÍ verður að fá eðlilega aðstoð frá hinu opinbera til að halda úti landsliðum okkar á þessum erfiðu tímum og ekki er verra ef einkageirinn getur hjálpað til. Áfram Ísland.“

Minning

Ævar Örn Jónsson

Fæddur: 1.júní 1972 Dáinn: 30. ágúst 2020

Ævar Örn Jónsson fæddist í Reykjavík 1. júní 1972. Hann lést á heimili sínu þann 30. ágúst 2020. Foreldrar Ævars eru Valdís Tómasdóttir, f. 1947, og Jón Bjarni Helgason, f. 1949, d. 2016. Ævar Örn ólst upp í Njarðvík þar sem íþróttir urðu snemma hans helsta áhugamál. Ævar hóf að æfa körfubolta, fótbolta og sund með félaginu ungur að árum. Körfuknattleikur naut krafta hans lengi vel og spilaði hann með drengjalandsliði. Sundið átti hinsvegar stærri hlut í honum þegar líða tók á og var Ævar orðinn einn af fremstu sundmönnum landsins þegar best lét.



Þrátt fyrir að Ævar hafi hætt að æfa og spila fyrir UMFN var hann allt til síðasta dags gríðarlega sterkur félagsmaður og stuðningsmaður klúbbsins. Mætti reglulega á leiki í körfuboltanum og hafði skoðanir á hlutunum þegar spjallið fór út í slíkt. Ævar starfaði sem lögreglumaður og síðar eða allt til síðasta dags sem flugumferðarstjóri bæði í Kosovo og í flugturni Njarðvíkur eins og hann kallaði vinnustaðinn. Ævar lét eftir sig eiginkonu og 5 börn og 1 barnabarn. Minning lifir um þann glaðlynda og fallega dreng sem Ævar bar með sér daglega.

M2 Fasteignasala · merkiprent ...síðan 1993 · Lyfta.is · Reykjanesapótek · KEF málun

6 Íslandsmeistaratitlar

Njarðvíkingar voru sigursælir á Íslandsmeistaramótinu í Backhold sem fram for í húsakynnum Glímufélags Reykjavíkur þann 17.janúar. Víkingarnir úr Njarðvík tóku sex titla af átta mögulegum.

Ingólfur Rögnvaldsson sigraði unglingaflokkinn og -70 og -80 kg flokk karla. Heiðrún Fjóla sigraði svo -70 kg flokk kvenna og opinn flokk kvenna og Guðmundur Stefán sigraði sjálfan Glímukóng Íslands, Ásmund Hálfdán Ásmundsson í +90kg flokki karla. En þar áttust við ríkjandi Evrópumeistari

Jóel Helgi þriðji

Þann 06. mars fór Jóel Helgi með íslenska landsliðinu í Glímu til Frakklands og þaðan til Brest á Bretoníuskaga. Jóel hóf keppni á laugardeginum og byrjaði daginn vel og sigraði undanriðlana. Í undanriðlum glímdi Jóel tvær glímur (þrír í hans riðli) og vann þær örugglega og þar með riðilinn. Í undanúrslitum glímdi Jóel við sterkan glímumann frá Englandi sem endaði með að vinna mótið, en Jóel tapaði þeirri glímu 3-1.

Langþráður keppnisvöllur loksins orðinn að veruleika

Í nóvember samþykkti Reykjanesbær að kaupa langþráðan keppnisvöll fyrir Júdódeildina og má segja að um kærkomna afmælisgjöf hafi verið að ræða enda fagnaði deildin 10 ára afmæli á árinu. Afar mikilvægt er fyrir deildina að hafa tryggan aðgang að löglegum keppnisvelli þannig að hægt sé að halda stærri mót, en hingað til hefur þurft að leigja löglega keppnisvelli fyrir mót. Stjórn og iðkendur JDN þakka Reykjanesbæ kærlega gjöfina.

Guðmundur með bronsmerki GLÍ

56. ársþing Glímusambands Íslands (GLÍ) fór fram 30. maí í íþróttaakademíunni í Reykjanesbæ. Þingið fór mjög vel fram og mynduðust skemmtilegar umræður. Á þinginu var Guðmundi Stefáni Gunnarssyni veitt bronsmerki GLÍ fyrir störf í þágu glímunnar. Glíman hefur verið stór hluti þeirra fangbragða sem stunduð eru í Reykjanesbæ og Njarðvíkingar eiga, eins og margir vita, heims-, Evrópu- og Íslandsmeistara í hinum ýmsu fangbrögðum.

Guðmundur notaði tækifærið og hrósaði Glímusambandinu fyrir hlut kvenna á þinginu og í stjórn sambandsins en stjórn sambandsins er skipuð fimm konum og þremur körlum og um helmingur þinggesta voru karlar og helmingur konur.

Júdódeild UMFN hefur einmitt aukið hlut kvenna í fangbrögðum gífurlega síðustu tvö árin. Kynjahlutfallið í deildinni er u.þ.b. jafnt og má það þakka mikilli vinnu stjórnar og þjálfurum deildarinnar. Júdódeild UMFN er nefnilega skipuð þremur körlum og tveimur konum og þjálfarateymið eru skipað einum karli og þremur konum.

Guðmundur var endurkjörinn í stjórn Glímusambandsins í þinglok og hefur setið í stjórn og eða varastjórn sambandsins síðan 2015.

Heiðrún Fjóla tvöfaldur Bikarmeistari

Bikarglíma Íslands fór fram í Skell, húsnæði Ármanns, laugardaginn 18.janúar. Heiðrún Fjóla var eini keppandi UMFN á þessu móti. Hún keppti í +70kg flokki kvenna og sigraði þann flokk. Einnig keppti hún í Opnum flokki kvenna en þar kepptu allar konur á mótinu þannig að flokkurinn var skipaður öllum bestu konum í greininni. Heiðrún sigraði með miklum sóma. Hún hefur tekið miklum framförum.

Zen camp 2020

Í lok oktober í skjóli Covid 19 fóru Guðmundur og Eydís Mary til Póllands til að kenna á stórum æfingabúðum á vegum Bjjglobetrotters sem er eitt stærtsta Jiu jitsusamband í heimi. Æfingabúðirnar voru í Dojo Stara Wies sem er í einskismannlandi í miðjum skógi í þjóðgarði í Póllandi. Æfingasvæðið er byggt í Japönskum stíl og húsin eru innréttuð eins og japanskar íbúðir. Æfingasvæðið er aðalæfingasvæði Evrópskra Budo íþrótta (bardagalista). Búðirnar voru ekki jafnvel sóttar og áætlað var en um 70 manns komu þó þrátt fyrir að Covid herjaði á Evrópu. Þar koma byrjendur sem og lengra komnir til að læra sem mestu um glímu. Guðmundur var fenginn til að koma í búðirnar til að kenna hvernig á að leggja andstæðinga og minnka möguleikana á að vera lagður/lögð. Einnig var hann fegninn til að kenna Backhold eða Cumberland and Westmorland wrestling, sem Íslendingar þekkja flestir undir nafninu hryggspenna sem og að sjá um lítið mót í greininni. Eydís, formaður deildarinnar tók þátt í æfingunum en hún sá aðallega um að sækja námskeið til að bæta starf JDN.

Gleðilega hátíð Njarðvíkingar og farsælt komandi ár

ALLT
FASTEIGNASALA

NES RAF ehf. RAFVERKTAKAR
DHL
Bílar & Hjól
HH Helgason ehf. MÁLNINGARÞJÓNUSTA
VS FK
Domino's

Fréttir úr lauginni

Árið 2020 byrjaði vel hjá okkur. Karen Mist Arngeirsdóttir var valin íþróttakona UMFN 2019. Karen Mist var jafnframt valin sundkona UMFN og Fannar Snævar Hauksson sundmaður UMFN. Sundkona ársins 2019 hjá UMFN Karen Mist Arngeirsdóttir var einnig kjörin Íþróttakona Reykjanesbæjar 2019 en greint var frá kjörinu í árlegu hófi í Íþróttahúsi Njarðvíkur á Gamlársdag. Karen stóð sig frábærlega í sundlauginni á árinu 2019 og setti fjölda meta á mótum síðasta árs. Um leið og við óskum henni aftur til hamingju þá langar okkur að segja að við erum afar stolt af henni.

Lyngby 2020 Þrettán sundmenn hjá Sundráði ÍRB ásamt þjálfara og fararstjóra fóru og kepptu þar á Lyngby Open 2020 dagana 17. - 20. janúar. Gaman var að sjá hvað hópurinn sem náði lágmörkum fyrir mótið er orðinn stór sem sýnir að við erum á réttri leið. Okkar fólk stóð sig vel á mótinu og kræfti í nokkur verðlaun. Stráka-hópurinn náði merkilegum árangi en þeir bættu sig í öllum sundum. Þeir sundmenn sem unnu til verðlauna. Gunnhildur Björg Baldursdóttir: Gull í 200m flugsund og silfur í 400m fjórsundi í senior flokki. Karen Mist Arngeirsdóttir með silfur í 200m og 100m bringu í senior flokki. Aron Fannar Kristínarson með brons í 400m fjórsundi í junior flokki.

Helgina 24. - 26. janúar voru Reykjavíkurleikarnir í sundi. Okkar fólk keppti á mótinu og var að standa sig vel. Bætingar, úrslit, verðlaun, lágmörk og flottir tímar.

Karen og Gunnhildi voru valdar í landsliðshóp SSÍ til æfinga á Tenerife í febrúar 2020. Þar stóð til að æfa tvisvar á dag við bestu aðstæður og koma d-vítamíni í kroppinn. En því miður var svo ekki margt sem gerðist því að rétt á eftir kom ástandið eins og við þekkjum það í dag Covid-19. Í fyrstu bylgjunni þá náði sundfólkið okkar að æfa eins og þau gátu þó svo að sundlaugin væri lokuð. Við stöndum vel að hafa góða þjálfara í teyminu okkar. Þó að lokað væri á æfingar voru þeir duglegir að senda æfingar á krakkana. Þegar það opnaði fyrir æfingar aftur þá var okkar fólk tilbúið í slaginn. Við náðum að halda Landsbankamót en með auðvitað mun minna sniði en undanfarin ár. Mótið var haldið um miðjan júní og fyrir 14 ára og yngri. Stóðu krakkarnir sig með prýði. Aftur á móti þá fóru krakkarnir 13 ára yngri á Akranesleikana í byrjun júní. Erum við afar ánægð að það tókst að halda sundmót þetta mót. Ekki síst sundfólkið okkar og stóðu þau sig mjög vel í lauginni og voru ágætis bætingar þrátt fyrir 5-6 vikna æfingarbann.

AMÍ var haldið í Hafnarfirði í júli og lentum við í öðru sæti. Lokastaða félaga var SH 1008, ÍRB 811, Breiðablik 570.

Denas Kazulis fór á kostum og nældi í 5 Íslandsmeistaratitla. 100m,200m,400m og 800m skriðsund og einnig í 200m fjórsundi og hann var einnig valinn stigahæsti sveininn á mótinu.

Sundsystkinin Fannar og Ástrós Hauksbörn stóðu sig mjög vel og náðu sér einnig í Íslandsmeistaratilta. Ástrós Lovísa 200m bak, 100M bak og Fannar Snævar 100m flug, 200m flug, 100m bak. Glæsilegur árangur hjá þeim og verður gaman að fylgjast með þeim í framtíðinni.

Meyjasveit ÍRB vann einnig til verðlauna í 4 x 50m fjórsundi. Sveitina skipuðu: Ástrós Lovísa Hauksdóttir, Gabija Marija Savickaité, Elísabet Arnoddsdóttir og Freydís Lilja Bergþórsdóttir.

ÍM50 var haldið af Sundsambands Íslands um miðjan júlí en með miklu minna sniði en áður vegna samkomutakmarkana. En það vantaði ekki að sundfólkið okkar stóð sig samt mjög vel. Karen Mist Arngeirsdóttir náði sér í þrjá Íslandsmeistaratitla. 50m,100m og 200m bringu. Gunnhildur Björg Baldursdóttir varð Íslandsmeistari í 200m flugsundi.

Að því sögðu þá ætlum við að enda þennan pistil um þetta eftirminnilega ár 2020 á því það kynna ykkur lesendum fyrir þrem sundstelpum frá UMFN sem eru staddar í Bandaríkjunum á skólastyrk og allar í sitt hvoru fylkinu. Óskum ykkur gleðilegar jóla og velfarnaðar á nýju og vonandi miklu skemmtilegra ári 2021.

Sunddeild UMFN.

NORDIC TRAINING
Þegar þér hentar
24 365 7
KAPALVÆÐING
BÍLAÚTSALAN
TSA ehf
BÍLAVERKSTÆÐI ÞÓRIS
Hafnarbraut 12 | 260 Reykjanesbæ | S. 421 4620

Eydís Ósk Kolbeinsdóttir

Mjög ánægð með aðstæður

Ég er í skóla í Fresno, Kaliforníu. Er á öðru ári og flaug aftur hingað út í september. Tímabilið okkar hefur farið frekar hægt af stað, við vorum með svokallað intrasquad meet (innanfélags mót) sem gekk mjög vel, en byrjum að keppa við önnur lið fyrstu helgina í desember og verður nóg að gera eftir það. Við erum með amk. 5 mót eftir fram að conference mótinu sem fer fram í Las Vegas í febrúar. Önnin fer öll fram á netinu sem hefur sína kosti og galla, en í heildina er ég mjög heppin með aðstæður þar sem liðið fær allt að æfa saman og fara allir í covid test einu sinni í viku.

Karen Mist Arngeirsdóttir

Topp 100 í NCAA

Það er búið að vera mjög gaman hjá mér hérna í Fort Myers, Florida. Skólakerfið virkar allt öðruvísi hér og tók það smá tíma að venjast en mér gengur vel og er með mjög góðar einkunnir. Sundið gengur mjög vel. Ég er mjög heppin með það að ég fæ að æfa á meðan COVID er en við þurfum að fara mjög varlega og passa að þegar við erum ekki ofan í lauginni að vera alltaf með grímur á okkur. Nýlega keppti ég á mínu fyrsta háskóla móti og gekk það mjög vel. 100 metra bringusunds tíminn minn kom mér á lista topp 10 hröðustu tíma í sögu skólans og tímarnir mínir í 100 og 200 metra bringu komu mér í topp 100 hröðustu í NCAA sem eru tímar yfir allt á háskóla stigi. Þetta er búið að vera skemmtilegasta ævintýri sem ég hef gert og hvet ég alla sem eru að íhuga að fara út í skóla í Bandaríkjunum að kýla á það því þetta tækifæri er einstakt.



Gunnhildur Björg Baldursdóttir

Lærir fjölmiðlafræði í Ohio

Frá því ég var lítil 12 ára sundstelpa, hef ég fylgst með mínum stærstu fyrirmyndum úr ÍRB fara á háskólastyrk í Bandaríkjunum. Þetta hefur því alltaf verið draumurinn og hann rættist þegar ég skrifaði undir samning hjá Youngstown State University, Ohio í janúar. Ég fékk góðan styrk sem flugsundskona í liðinu og er að læra fjölmiðlafræði. Ég hafði heyrt ýmsar sögur um að Bandaríkjamenn væru með mjög harðar æfingar þannig að þetta var ekki eins mikið sjokk þegar ég mætti í laugina. Það hefur gengið mjög vel að synda, æfingarnar eru fjölbreyttar með mikinn fókus á tækni og spretti. Mér brá samt í fyrstu vikunni þegar við áttum að hlaupa upp og niður 20m háa stúku í klukkutíma og engin pása, en sundfólk er oft þekkt fyrir að vera ekki sterkir hlauparar! Ég var farin að hvísla "Ísland, Ísland!" Til að hvetja sjálfa mig áfram. Það er svo fyndið hvað maður verður stoltur Íslendingur þegar maður er langt í burtu að heiman.

En þessir fyrstu mánuðir hérna úti hafa verið lærdómsríkir. Ég hef eignast frábæra vini sem koma m.a frá Chile og svo frá ýmsum fylkjum í Bandaríkjunum. Þetta er stórt lið á uppleið og það sem ég hef lært mest er að standa með sjálfri mér sama hvað. Við erum líka stanslaust að minna hvert annað á að við erum í forréttindastöðu að fá að vera æfa á fullu yfir höfuð. Við erum t.d eina liðið í deildinni sem getur æft í 20 tíma á viku út af Covid og erum því vel í stakk búin til að keppa um leið og við fáum tækifæri. Það hefur verið erfitt að finna lið sem getur keppt á móti okkur í miðjum heimsfaraldri, en það eru 2 mót á dagskrá í lok nóvember og byrjun desember. Það er samt ekkert sem er sjálfsagt því við erum látin berjast um sæti til að fá að keppa því aðeins 36 af 60 sundmönnum mega fara í keppnisferðir samkv. Covid reglum skólans. Ég var heppin að vera í þeim hópi og við erum tilbúin að fá loksins að sýna að öll vinnan var þess virði. Á þessum tímum hugsa ég mikið til ÍRB heima, þar sem þau hafa staðið sig eins og hetjur í að gera það besta úr aðstæðum. Ég er því þakklát fyrir að geta æft af fullum krafti og ég vona að íþróttafólk heima geti gert það sama sem allra fyrst.

Verslunin Kostur
SKIPASMÍÐASTÖÐ NJARÐVÍKUR hf.
vörður
Lagnaþjónusta Suðurnesja ehf. 898 6300 & 896 6691
terra
SKÓLA MATUR

SIEMENS BOSCH SAMSUNG

BOSE DELL GARMIN hp

Canon SONY Lenovo

Omnistréð

Fartölvur - Borðtölvur - Spjaldtölvur
Snjallsímar - Heimilistæki - Sjónvörp
Heyrnatól - Hátalarar

omnis

REYKJANESBÆ
Hafnargata 40 - Sími: 422 2200